

**Þín rödd í ráðum borgarinnar**  
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík  
7. mars 2019

Heiti erindis: [Beygjuljós á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar](#)  
Málaflokkur: Samgöngur  
Viðtakandi erindis: Skipulags- og samgönguráð  
Efst í málaflokknum: Nei  
Meðal fimm efstu : Já, 4/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 45	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

**Lýsing:** Þessi gatnamót eru mikill flöskuháls og fólk er oft að keyra þarna yfir á rauðu ljósi. Beygjuljós á Háaleitisbrautina myndu breyta miklu.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Þarna er fólk mikið að keyra yfir á rauðu ljósi og það verður oft mikið öngþveiti þarna á anna tíma.	Fæ ekki séð að þetta leysi vandann. Það væri skynsamlegra að leyfa hægri beygju á Háaleitisbraut inn á Kringlumýrarbraut (jafnvel með sér beygjuljósum eins og í Borgartúni).
Oft orðið vitni að „næstumþví“ slysum. Klárlega góð hugmynd.	
Þetta er algjör flöskuháls og bílaröðin sem ætlar að beygja kemur í veg fyrir þá sem ætla að beygja inn á Háaleitisbrautina af Lág múlanum. Oft komast bara tveir bílar yfir á hverju ljósi inn á Kringlumýrarbraut.	
Þetta eru stórhættuleg gatnamót og þarna þurfa nauðsynlega að vera beygjuljós!	